

Grænt bókhald

Skýrsla

2017



Efnamóttakan hf.
kt. 691298 – 2729
Berghella 1
221 Hafnarfjörður
Flokkur 5



Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar	bls.	2
Áritun endurskoðenda	bls.	3
Inngangur	bls.	4
Almennar upplýsingar um fyrirtækið	bls.	5
Umhverfis- og öryggisstefna	bls.	6
Frárennsli, birgðahald og óhöpp	bls.	7
Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi	bls.	8
Losun þróá	bls.	9



Staðfesting stjórnar

Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfis- og öryggistefnu 8. desember 2017 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins.

Fyrirtækið er með ISO 14001:2004 vottun.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa á áhrif á umhverfið og setja sér ný markmið í umgengni okkar um umhverfi og auðlindir.

Framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjórnar skýrslu um grænt bókhald.

Jón H. Steingrímsson,
framkvæmdastjóri.



Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Efnamóttökunnar hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Efnamóttökunnar hf. fyrir árið 2017 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt upplýsingum um umhverfismál félagsins. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2017 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 30. apríl 2018



Inngangur

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfispætti og skoða niðurstöður hverju sinni og setja sér ný markmið.

Efnamóttakan hf. þjónustar viðskiptavinum meðal annars með því að reka söfnunarþjónustu og sækja til þeirra úrgang. Bifreiðar sem notaðar eru í þetta verkefni ganga fyrir bensíni og díselolíu.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið og hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Starfsleyfi

Á árinu 2015 gaf Umhverfisstofnun út nýtt starfsleyfi vegna flutnings starfseminnar í nýja starfsstöð í Berghelli 1 í Hafnarfirði. Nýja starfsleyfið tók gildi 9. september 2015 og gildir til 9. september 2031. Starfsleyfið er endurskoðað á fjögurra ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

Fyrirtækið Efnamóttakan hf.

Efnamóttakan hf. var stofnuð þann 17. desember 1998.
Heimilisfang Efnamóttökunnar hf. er Berghella 1, 221 Hafnarfjörður.

Eigendur þann 31.12.2017 voru:

Gámaþjónustan hf.

Stjórn var þannig skipuð í árslok 2017

Bernharð Hreinsson, stjórnarformaður
Áslaug Benónýsdóttir, meðstjórnandi
Gunnar Bragason, meðstjórnandi

Á milli stjórnarfunda starfar framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar, Jón H. Steingrímsson, í umboði stjórnar.

Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var u.þ.b. 16 árinu.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf. er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma efnunum í farveg endurvinnslu eða endurnýtingar eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Efnamóttakan hf. er í samvinnu við örugga og trausta aðila um vinnslu, nýtingu eða eyðingu efna, bæði innanlands og erlendis.

Uppgjörstímabil græns bókhalds

Grænt bókhald hefur sama uppgjörstímabil og ársreikningur félagsins, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Umhverfis- og öryggistefna Gámaþjónustunnar hf. og dótturfélaga

Gámaþjónustan hf., og dótturfélög (þ.m.t. Efnamóttakan) vinna markvisst að því að vera til fyrirmyndar hvað varðar umhverfis- og öryggismál. Með því að vera leiðandi í umhverfismálum skapar fyrirtækið forsendur fyrir betri framtíð bæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum. Fyrirtækið vinnur stöðugt að því að auka öryggi starfsfólks til að koma í veg fyrir slys, efla heilsu starfsmanna og auka vellíðan þeirra við störf.

Bætt umhverfi – betri framtíð

- Að vera í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs á Íslandi, þ.m.t. spilliefna, og stuðlar að aukinni flokkun og endurvinnslu hjá viðskiptavinum sínum.
- Að taka tillit til umhverfismála og leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.
- Að leggja sitt af mörkum til loftslagsmála í rekstri og með ráðgjöf til viðskiptavina.
- Að fylgja lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinna eftir umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 til að tryggja stöðugar umbætur.
- Að leitast við að fara vel með auðlindir og taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup.
- Að kynna viðskiptavinum fyrirtækisins gildi úrgangsflokkunar, endurvinnslu og endurnýtingar með það að markmiði að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Öryggið framfarir öllu

- Að allt vinnuumhverfi starfsmanna myndi kjöraðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan þeirra við störf hjá fyrirtækinu.
- Að tryggja öryggi starfsmanna er framfarir öllu, starfsmenn starfi ávallt samkvæmt settum öryggisstöðlum og klæðist öryggisbúnaði eins og sýnileikafatnaði, öryggishjálum og öðrum öryggisbúnaði á þeim svæðum sem við á.
- Að fylgja lagalegum kröfum á sviði öryggismála og tryggja stöðugar umbætur.
- Að með skipulegum og vönduðum hætti er unnið að því að bæta öryggi starfsmanna með fyrirlestrum, námskeiðshaldi, tilsögn og ræktun jákvæðs viðhorfs starfsmanna til öryggismála.
- Að tryggja reglulegt eftirlit á áhættumati og áætlunum er lúta að öryggismálum á öllum vinnustöðvum Gámaþjónustunnar hf. og dótturfélaga.

Samþykkt 8. desember 2017

Frárennsli, birgðahald og óhöpp

Frárennslismál.

Lokað frárennsliskerfi.

Frárennsli frá vinnusvæði er í lokuðu frárennsliskerfi. Losun úr því fer eftir föstu verklagi og er skráð sérstaklega (sjá í fylgiskjali 1).

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi.

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi er 3 m³ að stærð. Lokað er fyrir frárennsli frá henni þangað til hún fyllist og er þá hleypt úr henni hafi engin óhöpp átt sér stað. Úr þessari þró rennur í safnþró fyrir útisvæði. Ef skaðleg fljótandi efni hellast niður og komast í niðurföll og þar með í safnþróna er dælt upp úr henni og efninu komið fyrir í lokuðum ílátum og í réttan farveg til eyðingar.

Safnþró fyrir affall af útisvæði.

Safnþró fyrir affall af útisvæði er 32 m³ að stærð og tekur hún við því vatni af útisvæði lóðar auk þess sem kemur frá húsi, sbr. að ofan. Ef skaðleg fljótandi efni hellast niður og komast í niðurföll og þar með í safnþróna er dælt upp úr henni og efninu komið fyrir í lokuðum ílátum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Eftirlit og sýnataka.

Tekin eru vökvasýni úr safnþró einu sinni á ári. Þau eru send á rannsóknarstofu til efnagreiningar til að kanna hvort innihald skaðlegra efna sé yfir leyfilegum mörkum. Umhverfisstofnun hefur með höndum reglubundið mengunarvarnaeftirlit með starfseminni og fer meðal annars yfir niðurstöður framangreindra mælinga. Niðurstöður mælinga á árinu reyndust ekki gefa tilefni til athugasemda.

Birgðahald.

Leltast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka birgðahald, þ.e.a.s. efnum er komið eins fljótt og auðið er í viðeigandi farveg hvort sem er í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyðingu. Á vinnusvæðinu er fylgt IMO- og ADR-reglum varðandi uppröðun efna og merkingu kara.

Óhöpp.

Umhverfisóhöpp- og slys eru skráð í Bragarbót, skráningarkerfi Efnamóttökunnar og Gámaþjónustunnar fyrir umhverfisstjórnunarkerfið ISO 14001. Á árinu 2017 voru eftirfarandi slys og óhöpp skráð í kerfið:

Tegund óhapps	Fjöldi óhappa
Vinnuslys	2
Næstum því vinnuslys	5
Umhverfisóhöpp	0
Önnur óhöpp	2

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi

Breyta	Eining	2017	2016	2015
Rafmagn	kwh	4.491	3.273	80.850
Heitt vatn	m ³	4.119	9.298	9.290
Bensín	ltr.	3.819	1.494	2.262
Metangas *	ltr.	0	0	7.919
Dísilolía	ltr.	23.428	23.453	23.839
Plast v/rafgeyma	m ²	1.000	2.000	1.000
Brettahettur	stk	2.360	2.440	800
Strekkifilma	m ²	19.650	16.792	11.256

* Magn af metani er gefið upp í lítrum skv. reiknireglu á vefsíðu Metans hf. um jafngildi orkuinnihalds:
1 Nm³ 100% metan = 1,12 L 95-oktan bensín.

Til frekari útskýringar:

- Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá blrgjum.
- Aukning á strekkifilmu er vegna aukinnar plöstunar á körum með efnum til brennslu og útflutnings.
- Samdráttur í notkun rafmagns er vegna þess að notkun á baggapressu og sluhakkara var hætt þegar flutt var í nýja starfsstöð í loka árs 2015.

Lokaorð.

Vernd umhverfis og náttúru er eðli málsins samofin starfsemi Efnamóttökunnar, enda kjarnastarfsemi fyrirtækisins að safna og koma spilliefnum í réttan farveg.

„**Spillum ekki framtíðinni**“ er kjörorð fyrirtækisins og því er það metnaðarmál að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, að sinna okkar verkefnum eins og best verður á kosið og þróa starfsemina áfram í góðri sátt við yfirvöld og viðskiptavin.

Fylgiskjal nr. 1

Losun þróa

	Stærri þró(32m3). Hér skal skráð: 6500L = 1/4 13000L = 1/2 19500L = 3/4 26000L = 1/1	Minni þró(6m3). Hér skal skráð: 1200L = 1/4 2400L = 1/2 3600L = 3/4 4800L = 1/1
Dagsetning		
jan	195.000	40.800
feb	247.000	33.600
mar	234.000	48.000
apr	299.000	24.000
maí	195.000	34.800
jún	136.500	24.000
júl	149.500	14.400
ágú	149.500	13.200
sep	188.500	43.200
okt	266.500	30.000
nóv	136.500	26.400
des	117.000	18.000

Samtals rennsli

2017

2.314.000

350.400

Samtals rennsli (L) pr.dag

74.645

Samtals rennsli (L) pr.klst

3.110